



Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1935

komudagur 4.4.2011

Félag Íslenskra Félagsliða &lt;formadur@felagslidar.is&gt;

## Mótmæli vegna laga um heilbrigðisstarfsmenn

1 message

Félag Íslenskra Félagsliða &lt;formadur@felagslidar.is&gt;

Tue, Mar 29, 2011 at 10:37 AM

To: Sigríður Svana Helgadóttir &lt;sigridursvana@althingi.is&gt;, nefndasvid@althingi.is

**Félag íslenskra félagsliða fer fram á að starfsheitinu félagsliði verði bætt inn í 3. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisstarfsmenn.**

Félag íslenskra félagsliða mótmælir harðlega hér með að starfsstéttin félagsliðar sé ekki talin upp meðal þeirra heilbrigðisstétta sem eru löggiltar í frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Jafnframt lýsir félagið yfir furðu sinni á því að ekki hafi verið kallað eftir umsögn félagsins um frumvarpið líkt og aðrar heilbrigðisstéttir hafa verið beðnar um.

Félagið undrast að jafn fjölmenn starfsstétt og félagsliðar skuli vera sniðgengin þegar aðrar heilbrigðisstarfsstéttir á framhaldsskólastig og jafnvel fámennari fá löggildingu á sitt starfsheiti.

„Ráðuneytið hefur farið yfir gögn málsins og komist að þeirri niðurstöðu að störf félagsliða séu mikilvæg og ættu ekki síður að vera löggilt en ýmis störf innan heilbrigðisþjónustunnar“ svo vitnað sé í bréf heilbrigðisráðuneytisins til félagsins dags. 7. des. 2009.

Í 1. gr. Frumvarpsins segir: „markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra“. Fagleg ábyrgð félagsliða á þjónustu við notendur velferðarþjónustunnar er síst minni en annarra fullsambærilegra starfsstétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í vinnu sinni starfa félagsliðar oft við hlið og í samstarfi við aðrar fagstéttir í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Vert er að minna á að störf félagsliða felast í að efla og styðja sjálfstæða og félagslega virkni í daglegu lífi notenda velferðarþjónustunnar og í starfi sínu umgangast þeir viðkvæm og oft mjög persónuleg mál fólks sem er viðkvæmt fyrir sökum aldurs, sjúkdóms eða fötlunar.

Félag íslenskra félagsliða ítrekar enn og aftur beiðni sína um að starfsheitið félagsliði verði löggilt og æskir þess að því verði bætt inn í listann um löggiltar heilbrigðisstéttir í 3. gr. frumvarps til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Samrit sent Velferðarráðuneytinu.

Virðingarfyllst,

--  
**Jóhannes A. Levy**  
*Formaður*

**Félag Íslenskra Félagssliða**

Netfang: [formadur@felagsslidar.is](mailto:formadur@felagsslidar.is)  
[Heimasíða Félagssliða](#)

---